



SVEIGJANLEGUR NÁMSTÍMI Í GRUNNSKÓLA

Tillögur og greinargerð starfshóps



Sveigjanlegur námstími í grunnskóla

Tillögur og greinargerð starfshóps

Starfshópur

Anna Kristín Sigurðardóttir

Helga Alexandersdóttir

Hildur Björg Hafstein

Ingvar Sigurgeirsson

Stefán Benediktsson

Pórður Kristjánsson

Guðrún Edda Bentsdóttir

Ritstjóri skýrslu:

Guðrún Edda Bentsdóttir

Menntasvið Reykavíkur

janúar 2007

Helstu tillögur

Hópurinn leggur til að eftirfarandi kostir verði skoðaðir sérstaklega. Ætíð verði haft gott samstarf og samráð við foreldra þegar metið er hvort nemandi eigi að fylgja jafnöldrum sínum í námi eða ekki.

Skil leik- og grunnskóla

- Komið verði á samstarfi milli leikskóla og grunnskóla um að reka 5 ára deild í húsnæði grunnskóla þar sem rými er fyrir hendi.
- Gerð verði tilraun með að starfrækja saman hóp 5 og 6 ára barna, annað hvort innan veggja leikskóla eða grunnskóla.
- Foreldrum 5 ára barna verði gert auðveldara að skrá börn í 1. bekk grunnskóla en nú er.

Skil grunnskóla – framhaldsskóla

- Allir grunnskólar haldi áfram að þróa einstaklingsmiðað nám í öllum árgöngum. Netnám verði nýtt til að auka námsframboð.
- Nemendur í efstu bekkjum grunnskóla fái áfram tækifæri til að taka framhaldsskólaáfanga og settar verði ákveðnar reglur um greiðslu kostnaðar.
- Allir grunnskólar verði hvattir til að greiða leið þeirra nemenda sem hafa áhuga og getu til að ljúka námi í 9. og 10. bekk á einu skólaári.
- Einn eða fleiri af grunnskólum borgarinnar verði hvattir til að bjóða upp á námsleið sem býr nemendur undir að fara í framhaldsskóla eftir 9. bekk.
- Nemendur fari ekki yfir í framhaldsskóla nema útskrifast úr grunnskóla með formlegum hætti.

Kostnaður vegna náms grunnskólanemenda í framhaldsskóla

- Framhaldsskólaáfangar sem grunnskólanemendur taka verði foreldrum að kostnaðarlausu.

Tilraunaverkefni – borgin reki framhaldsskóla

- Lagt er til að starfshópur verði skipaður til að hefja viðræður við menntamálaráðuneytið um að borgin taki að sér að reka einn framhaldsskóla sem starfi í nánnum tengslum við einn eða fleiri grunnskóla.

Stefnumörkun um skipulag skólahverfa

- Hópurinn leggur til að mörkuð verði sú stefna að við hönnun nýrra hverfa sé þess gætt, eftir því sem kostur er, að leik-, grunn- og framhaldsskólar séu á sama svæði.

Efnisyfirlit

Helstu tillögur.....	4
1. Inngangur – starf nefndarinnar	6
2. Ólík sjónarmið og álitamál varðandi sveigjanlegan námstíma	8
3. Sveigjanlegur námstími – núverandi staða.....	13
Fjöldi fimm ára nemenda í grunnskólum Reykjavíkur	13
Framhaldsskólaáfangar í grunnskóla.....	14
Ýmis verkefni.....	16
4. Listi yfir ýmsa kosti til auka sveigjanleika í námstíma.....	19
Sveigjanleg skil grunn- og framhaldsskóla	20
Sveigjanleg skil leik- og grunnskóla	22
5. Samantekt, umræða og niðurstaða starfshóps	24
Heimildir	27
Viðauki	27

1. Inngangur – starf nefndarinnar

Menntaráð ákvað á 36. fundi sínum þann 21. ágúst 2006 að skipa starfshóp til að fjalla um sveigjanlegan námstíma í grunnskóla. Hlutverk starfshópsins, samkvæmt meðfylgjandi erindisbréfi, var að skilgreina möguleika á sveigjanleika við lok leikskóla og upphaf grunnskóla annars vegar, og sveigjanleg námslok nemenda í grunnskóla og tengsl við framhaldsskólann hins vegar sem taki m.a. tillit til framkvæmdar, námsframboðs, kostnaðar, innritunar og skólaloka.

Starfshópurinn var skipaður af menntaráði sem sameiginlegur hópur leik- og grunnskóla. Síðan það var gert hefur verið stofnað nýtt Leikskólasvið og leikskólaráð. Með tilliti til þessa er þessi greinargerð unnin bæði fyrir leikskólaráð og menntaráð og fær því umfjöllun í báðum ráðum.

Helstu verkefni hópsins voru eftirfarandi:

- Að setja fram hugmyndir og skýra möguleika á að börn byrji á misjöfnum aldri í grunnskóla og framhaldsskóla eftir því sem þroski þeirra segir til um.
- Að setja fram tillögur um sveigjanleg skil milli grunnskóla og framhaldsskóla þ.m.t. að skoða hvaða leiðir eru farnar núna varðandi kostnað, innritun o.fl.

Fulltrúar í hópnum voru:

Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu Menntasviðs, formaður

Helga Alexandersdóttir, leikskólastjóri á Laugaborg

Hildur Björg Hafstein, fulltrúi Samfok

Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands

Stefán Benediktsson, aðstoðarskólameistari Fjölbrautarskólans í Breiðholti

Þórður Kristjánsson, skólastjóri Seljaskóla

Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri á Menntasviði, sem jafnframt var starfsmaður hópsins.

Starfshópurinn leitaðist við að kynna sér starf sem er í gangi á vegum menntamálaráðuneytis um skil milli grunn- og framhaldsskóla. M.a. fékk hópurinn afrit af

svörum grunnskólanna í Reykjavík um þátttöku nemenda í framhaldsskólaáföngum á haustönn 2006 og vann úr þeim svörum ýmsar gagnlegar upplýsingar.

Nefndin hélt samtals átta fundi á tímabilinu, kynnti sér ýmis gögn um málið og fékk til sín gesti. Sigurður Sigursveinsson, formaður starfshóps um skil grunn- og framhaldsskóla á vegum menntamálaráðuneytis, kom og sagði frá vinnu hópsins. Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við Kennaraháskóla Íslands, kom á fund hópsins til að ræða ýmsar áherslur varðandi skil leik og grunnskóla. Auk þess kom Ólafur Sigurðsson, skólameistari Borgarholtsskóla og formaður starfshóps á vegum menntamálaráðuneytisins, á fund hópsins og ræddi um almennar brautir í framhaldsskóla.

Hópurinn leitaðist við að afla upplýsinga um hvernig staðið væri að málum varðandi sveigjanlegan námstíma í grunnskólum borgarinnar í dag og einnig um ýmis áhugaverð verkefni í öðrum sveitarfélögum sem líta mætti til við að skilgreina og skýra þá möguleika sem eru á sveigjanlegum skilum milli leik-, grunn- og framhaldsskóla um þessar mundir. Í tillögugerð og umfjöllun hópsins var jafnframt leitast við að hafa nemandann í brennidepli. Hópurinn leggur áherslu á að við breytingar á fyrirkomulagi náms verði ávallt haft að leiðarljósi að í því felist ávinningur nemenda.

Í þessari greinargerð starfshópsins er í kafla 2 fjallað um ólík sjónarmið varðandi sveigjanlegan námstíma í grunnskóla. Í kafla 3 er stutt yfirlit yfir stöðuna eins og hún er nú, t.d. varðandi flýtingar og seinkanir á nemendum í skólakerfinu. Í kafla 4 er yfirlit yfir helstu verkefni um sveigjanleg skil milli leik- og grunnskóla annars vegar og grunn- og framhaldsskóla hins vegar. Í kafla 5 eru dregnar saman helstu niðurstöður og gerð grein fyrir tillögum hópsins.

2. Ólík sjónarmið og álitamál varðandi sveigjanlegan námstíma

Hópurinn ræddi gildi þess að nemendur á sama aldri stunduðu nám á sama skólastigi og hvort æskilegt væri að flýta eða seinka þeim á grundvelli námsgetu þeirra og þroska.

Tengist sú umræða ólíkum viðhorfum um hvort almennt eigi „að drífa börn áfram“ í átt til fullorðinsára eða hvort „leyfa eigi börnum að vera börn“. Þroski barna er mismunandi, þess vegna er ef til vill ekki rétt að miða við aldur þeirra eingöngu þegar ákveða á hvort barnið eigi að fylgja sínum árgangi eða ekki.

Einnig var nokkuð rætt um hvernig grunnskólar sinni einstaklingsmiðuðu námi. Er t.d. of einblínt á að þeir nemendur sem standa vel að vígi í ákveðinni námsgrein vinni sig áfram í greininni með því að fara hraðar yfir og klára áfanga og einingar, fremur en að horfa til þess að dýpka skilning þeirra og þekkingu á efninu?

Þegar kemur að því að skoða hvort hvort börn eigi að eiga þess kost að vera lengur í leikskóla eða í grunnskóla heldur en jafnaldrar þeirra vakna spurningar um hverjir það ættu að vera og hve miklu lengur. Ljóst er að sum seinfær eða fötluð börn munu hvorki standa jafnfætis jafnöldrum sínum hvað varðar námslega og félagslega færni né börnum sem eru nokkrum árum yngri. Jafnframt vakna spurningar um hvort horfa eigi á færni barnsins í námi, félagslega færni, málakunnáttu, almennan þroska eða eitthvað allt annað. T.d. er spurning hvort það þjóni hagsmunum barna með annað móðurmál en íslensku að vera lengur en jafnaldrar þeirra í leikskóla eða grunnskóla til að fá betri undirbúning fyrir næsta skólastig fyrir ofan.

Rætt hefur verið um vanda þeirra nemenda sem ekki ná tilskyldum árangri í bóklegum greinum við lok grunnskóla og eru ekki tilbúin að takast á við nám á framhaldsskólastigi. Framhaldsskólum er ætlað að taka við þessum nemendum inn á svokallaðar almennar brautir og búa nemendur undir frekara nám í framhaldsskóla. Margt bendir til þess að ekki hafi náðst sá árangur af þessum brautum og stefnt var að og allt of algengt er að þessir nemendur hætti í skóla án þess að ljúka námi. Einhverjir skólar (t.d. Lækjarskóli í Hafnarfirði) hafa farið þá leið að bjóða upp á svokallaðan 11. bekk eða fjölnám. Þar er

verið að reyna að koma á móts við þá nemendur í grunnskólanum sem ekki tekst að tileinka sér námsefni grunnskólans á 10 árum, og er þeim gefinn kostur á að auka færni sína (jafnt bóklega sem verklega) með því að taka eitt ár til viðbótar í grunnskólanum, áður en þeir hefja nám í framhaldskóla.

Ýmsir telja, að fremur en að flýta nemendum eða seinka, ætti að halda sig við þann ramma sem lögin setja hvað varðar aldursmörk nemenda, og þá um leið að starfsfólk á hverju skólastigi leggi sig betur fram við að koma til móts við þarfir hvers og eins. Almennt má segja að mest einstaklingsmiðun í námi sé á leikskólastiginu, enda er umræðan um að elstu börnin ættu að eiga þess kost að fara fyrr í grunnskóla ekki mjög hávæð meðal foreldra. Á grunnskólastiginu hefur mikið verið rætt um einstaklingsmiðað nám og eru margir skólar að gera tilraunir í þá veru. Margt er óunnið á því sviði, enda færast í vöxt að dugmiklir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla taki framhaldsskólaáfanga eða fari upp úr grunnskóla við lok 9. bekkjar án þess að settar hafi verið sérstakar starfsreglur um fyrirkomulagið, eða mat lagt á hverju þetta nám hefur skilað. Leiða má að því líkum að ef grunnskólum tækist að bjóða þessum nemendum upp á nám af þeirri dýpt og breidd sem hæfir námsgetu hvers og eins, þá væri þessi umræða ekki eins hávæð og nú er.

Ýmsir telja að það eigi beinlínis að hvetja dugmikla nemendur til að taka hvert skólastig á styttri tíma en almenn er gert ráð fyrir og móta vinnuferli í kringum það. Það er m.a. stutt með þeim rökum að starfsfólki skóla á öllum stigum hafi reynst erfitt að koma til móts við alla nemendur og þá sérstaklega þá sem á einhvern hátt skara fram úr. Þeir njóti ekki hæfileika sinna og fái ekki að takast á við nægilega krefjandi viðfangsefni í samræmi við getu og hæfileika. Það geti aftur leitt til ýmis konar vanda, s.s. námsleiða og hegðunarvanda, auk þess sem tími þessara barna er illa nýttur.

Rökin sem sett eru fram gegn því að nemendum sé flýtt milli skólastiga eru oftast en ekki af félagslegum toga og beinast bæði að viðkomandi barni og félagahópnum. Úr elsta aldurshópi í leikskóla og í grunnskóla myndu þá fara nemendur sem eru öðrum góð fyrirmynd og hafa leiðtogahlutverk í hópnum.

Hvað varðar mörk grunn- og framhaldsskóla hafa margir áhyggjur af áhrifum félagahópsins þar sem í framhaldsskólum er breiður aldur nemenda. Sumir nemendur þar hafa náð sjálfræðisaldri og njóta e.t.v. minna aðhalds heima fyrir og svo er þar einnig fyrir

hópur sem t.d. náð hefur aldri til að kaupa áfengi. Áhyggjurnar virðast fyrst og fremst snúa að því að erfitt geti verið fyrir unglunga yngri en 16 ára að fóta sig í þessu umhverfi. Ekki eru til neinar rannsóknir á því hvernig þeim nemendum hefur vegnað sem hafa lokið grunnskóla á skemmri tíma og farið fyrr í framhaldsskóla. En það eru til rannsóknir á breyttri áhættuhegðun unglunga eftir að grunnskóla lýkur og þegar þau hafa hafið nám í framhaldsskóla. Rannsóknir og greining ehf. gerðu könnun á m.a. reykingum, áfengis – og vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk vorið 2004 og hjá nýnemum í framhaldsskóla (16 ára og yngri) að hausti sama ár. Einungis sex mánuðir liðu á milli þessara kannana. Niðurstöður sýna að neysla eykst mjög mikið á þessu tímabili, t.d. tvöfaldast fjöldi þeirra sem hafi orðið drukknir sl. 30 daga. Einnig fjölga þeim nokkuð sem reykja daglega og hafa prófað hass (Álfgeir L. Kristjánsson, Inga D. Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2005). Ekki er þó hægt að fullyrða að aukin neysla tengist flutningi milli skólastiga fremur en aldri barnanna eða minna aðhaldi foreldra.

Verði sú leið farin að hvetja börn til að fara hraðar á milli skólastiga verður áleitin sú spurning hver og þá hvernig skuli meta hvort þau eru tilbúin til þess. Á slíkt mat einvörðungu að vera í höndum foreldra, á að fara fram sérfræðimat á þroska og getu barnanna eða á slík ákvörðun að byggja á námsmati, s.s. samræmdum prófum? Ekki er hægt að horfa framhjá þeirri staðreynd að lög um grunnskóla og aðalnámskrá gera ráð fyrir 10 ára skólagöngu og ákveðnu inntaki á öllum árunum sem nær langt út fyrir það sem metið er á samræmdum prófum. Sá hluti námsins tengist gjarnan list- og verkgreinum, lífsleikni eða öðrum þáttum sem erfitt er að meta með samræmdum prófum og er að margra mati ekki síður mikilvægur. Finna þarf leiðir til að nemandi geti lokið grunnskólanámi með formlegum hætti þótt hann taki ekki samræmd próf í bóklegum greinum.

Engar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi um áhrif flýtinga og seinkana á nám og líðan einstaklinganna. Í samantekt á rannsóknum á áhrifum seinkana sem finna má á alfræðivefnum Wikipedia kemur fram að þær geta haft mjög neikvæð námsleg, félagsleg og tilfinningaleg áhrif samanborið við nemendur sem fylgja jafnöldrum sínum á félagslegum forsendum þrátt fyrir slakan námsárangur¹. Í samantekt eftir Sharon Lynch

¹ Sjá á þessari slóð: http://www.kidsource.com/kidsource/content/Should_Gifted_Students.html

(2006) á áhrifum flýtingar dugmikilla nemenda eða bráðgerra kemur fram að almennt er talið að slíkt hafi góð áhrif bæði námslega og félagslega.

Á heimasíðu miðstöðvar fyrir bráðger börn í Ohio² er tekið undir þessi sjónarmið, en þar er jafnframt bent á aðrar leiðir sem einnig hafa gefist vel, s.s. að flýta nemanda námslega, þ.e. hann fer lengra í námsefninu og dýpra heldur en jafnaldrar, án þess að flytjast hraðar milli bekkja eða skólastiga.

Hér á landi er skólaskylda í tíu ár, frá sex til sextán ára aldurs eins og kveðið er á um í lögum um grunnskóla. Þótt orðið „skylda” sé notað í þessu samhengi, er ákvæðinu ekki síður ætlað að tryggja rétt barna til tíu ára skólagöngu foreldrum þeirra að kostnaðarlausu og með sambærilegum gæðum fyrir alla. Óhjákvæmilegt að er að taka þetta atriði til umræðu í tengslum við sveigjanlegan námstíma. Erum við reiðubúin til að stytta þennan tíma eða lengja, færa mörkin til þannig að þau geti verið frá fimm til fimmtán ára eða að nemendur taki hluta hennar í framhaldsskóla?

Enn eitt viðfangsefni sem taka þarf til skoðunar er menntun kennara á öllum skólastigum. Skil í menntun kennara á ólíkum skólastigum hafa verið að dofna á undarförnum árum, þótt enn sé talsverður áherslumunur hvað varðar inntak. Hefur til að mynda verið bent á að auka þurfi fagþekkingu grunnskólakennara í einstökum fögum og dýpka þurfi þekkingu framhaldsskólakennara í uppeldis- og kennslufræði.

Starfshópurinn fjallaði jafnframt um hvort e.t.v. væri æskilegt að afmá þessi skil sem nú eru milli skólastiga og þá sérstaklega milli grunn- og framhaldsskóla, hvort ætti að horfa á skólagöngu barna í einu samhengi frá 2–18 ára aldurs. Jafnvel má hugsa sér að eitt skólastig væri fyrir 14/15 ára–18 ára aldur sem mætti þá líta á sem unglíngadeild í grunnskóla eða framhaldsskóla. Margir hafa bent á nauðsyn þess að færa ábyrgð á framhaldsskóla frá ríki til sveitarfélaga til að auðvelda sveigjanleg skil milli grunnskóla og framhaldsskóla.

Í rannsókn sem Kristín Jónsdóttir (2003) gerði árið 2002 kom fram að ríflega helmingur nemenda á unglíngastigi í Reykjavík stundaði nám í skólum þar sem ferðakerfi byggt á

² Sjá á þessari slóð: <http://www.ctd.northwestern.edu/resources/acceleration.html>

getuskiptingu var ríkur þáttur í kennsluskipulagi bóklegra greina. Nokkur munur kom fram á starfsháttum kennara og viðhorfum eftir kennslugreinum en almennt voru þeir ánægðir með kennslu sína. Meirihluti kennara taldi að kennsla í blönduðum bekkjum gerði mestar kennslufræðilegar kröfur til þeirra. Fram kom eindreginn stuðningur við stefnu um að taka mið af einstaklingsmun í kennslu, en þó virtust hefðbundnar hópkenntuaðferðir ríkjandi. Nokkuð er síðan þessi rannsókn var gerð og gætu viðhorf og kennsluaðferðir kennara á unglingsstigi hafa breyst síðan.

Að ofangreindu er ljóst að það er ekki einfalt að koma á sveigjanlegum námstíma í grunnskóla. Margar leiðir koma til greina eins og kemur fram í kafla 4 hér á eftir og mörg sjónarmið sem þarf að taka tillit til. Áður en farið er að setja fram hugmyndir um leiðir er nauðsynlegt að skoða stöðuna eins og hún er núna.

3. Sveigjanlegur námstími – núverandi staða.

Um nokkurt skeið hefur verið uppi áhersla á sveigjanleg skil milli skólastiga og hefur margt verið reynt í þá veru í skólum víða um land. Starfshópurinn leitaðist við að skoða nokkrar af þeim leiðum sem nú þegar er verið að fara og frá þeim er sagt í þessum kafla. Jafnframt eru dregnar saman upplýsingar um fjölda nemenda sem hafa flust milli skólastiga með öðrum hætti en almennt er gert ráð fyrir.

Fjöldi fimm ára nemenda í grunnskólum Reykjavíkur

Í Reykjavík hafa nokkrir sjálfstætt starfandi grunnskólar boðið upp á kennslu fyrir fimm ára börn í sérstökum bekk. Samkvæmt upplýsingum frá nemendaskrárritara gagnadeildar Menntasviðs voru skráðir 86 nemendur í þessar deildir þann 1. október 2006. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu margir þeirra eru með lögheimili í Reykjavík. Einnig voru skoðaðar upplýsingar um fjölda fimm ára barna sem hafði verið skráður í 1. bekk í grunnskólum borgarinnar frá árinu 2003. Þar kemur fram að þeim nemendum sem er flýtt eða byrja fimm ára í 1. bekk, er heldur að fækka. Skólaárið 2003 - 2004 voru þeir ellefu og þar af tveir í sjálfstætt starfandi grunnskólum. Næsta skólaár voru fjórir fimm ára nemendur skráðir í 1. bekk en aðeins tveir skólaárin 2005 - 2006 og 2006 til 2007. Því má fullyrða að óverulegur fjöldi fimm ára barna sé í 1. bekk í grunnskólum borgarinnar. Ástæður þess að svo fáir fimm ára nemendur byrji fyrir í grunnskóla eru eflaust margar. Ein er sú að foreldrar telji almennt að leikskólinn komi vel til móts við einstaklingsbundnar þarfir barna þeirra. Önnur skýring gæti verið að hvorki kennarar í leik- og grunnskólum, né þeir sérfræðingar sem til eru kvaddir, hafi hvatt til þess að börn byrjuðu ári fyrir í grunnskóla.

Í könnun sem gagnadeild Menntasviðs gerði meðal foreldra á sex leikskólum borgarinnar í nóvember 2006 kom fram að aðeins um 10% þeirra sem svöruðu höfðu áhuga á að börnin þeirra byrjuðu ári fyrir í grunnskóla ef það stæði þeim til boða. Næstum sama hlutfall foreldra vildi hins vegar að börnin þeirra væru ári lengur í leikskóla ef þau ættu þess kost.

Framhaldsskólaáfangar í grunnskóla

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hafa á bilinu 15 til 28 nemendur á aldrinum 14 og 15 ára með lögheimili í Reykjavík verið skráðir í fullt nám í framhaldsskóla á árunum 2000 til 2005. Ekki liggja fyrir sambærilegar tölur um þetta skólaár. Þessir nemendur eru ekki skráðir í grunnskóla og teljast því hafa því lokið grunnskólanámi. Þetta er ekki stór hópur eða um 1%–2% hvers árgangs. Athygli vekur að stúlkur virðast vera í miklum meirihluta þeirra nemenda sem hefja framhaldsskólanám á undan jafnöldrum sínum (sjá töflu hér að neðan).

Tafla 1: Fjöldi 14–15 ára nemenda með lögheimili í Reykjavík, sem skráðir eru í fullt nám í framhaldsskóla

kyn	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Drengir	3	10	11	6	13	3
Stúlkur	12	18	11	15	14	19
Samtals:	15	28	22	21	27	22

Heimild: Hagstofa Íslands Desember 2006

Í ársskýrslum fræðslumála í Reykjavík frá og með árinu 2003 eru upplýsingar um fjölda þeirra grunnskólanemenda sem stundaði nám í einstökum áföngum í framhaldsskóla, hvaða skólar hafi boðið upp á slíkt nám og hverjir samstarfsskólarnir á framhaldsskólastigi eru (sjá töflu 2). Vorið 2003 voru samtals 264 nemendur í tólf grunnskólum borgarinnar sem stunduðu nám í framhaldsskólaáföngum. Samstarf virðist aðallega hafa verið við fimm framhaldsskóla um þessi námstilboð það misserið. Haustið 2003 hefur þeim grunnskólum sem bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi fjölgað úr tólf í sautján. Um 350 nemendur tóku þátt í þessum námskeiðum í samtals sex framhaldsskólum það haust. Taka verður fram að hér er um að ræða fjölda þeirra nemenda sem skráður er í hvern áfanga, einhverjir nemendur eru hugsanlega skráðir í fleiri en einn áfanga.

Í ársskýrslu fræðslumála fyrir árið 2004 liggja eingöngu fyrir upplýsingar um árið í heild en ekki einstök misseri. Það ár voru samtals 595 nemendur í grunnskólum borgarinnar sem stunduðu nám í framhaldsskólaáföngum. Alls 25 skólar með unglíngastig buðu upp á slíkt

nám í níu framhaldsskólum bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Nemendum á grunnskólastigi sem taka námsáfanga í framhaldsskólum fjölgaði enn árið 2005. Á vorönn 2005 eru 400 nemendur í 20 grunnskólum Reykjavíkur skráðir í framhaldsskólaáfanga í sjö skólum. Haustið 2005 eru hins vegar 540 nemendur í 24 grunnskólum borgarinnar skráðir í slíka áfanga í átta framhaldsskólum. Bæði er um bóklega og verklega áfanga að ræða, en þó virðist bóklegum áföngum hafa fjölgað mun meira en verklegum. Yfirlit yfir þátttöku grunnskólanema í framhaldsskólaáföngum er að finna í töflu 2 hér að neðan. Yfirgnæfandi meirihluti námsáfanga sem grunnskólanemar taka í framhaldsskólum eru í bóklegum greinum. Verklegar greinar eru aðeins á bilinu 3% til ríflega 6% frá vorönn 2003 til og með vorönn 2005. Aðallega er hér um að ræða málsmíði. Haustið 2005 bætast tvær greinar við, íþróttir og véla- og siglingafræði sem hækkar hlutfall verklegra greina í tæp 11%.

Tafla 2: Fjöldi grunnskólanemenda sem taka framhaldsskóla áfanga, fjöldi grunnskóla, áfanga og fjöldi framhaldsskóla.

Námsönn	Fjöldi nem.	Fjöldi gr.skóla	Fjöldi áfanga	Fjöldi frh.sk.
Vor 2003	264	12	16	5
Haust 2003	350	17	18	6
Vor og haust 2004*	595	25	33	9
Vor 2005	400	20	30	7
Haust 2005	540	24	28	8

*Aðeins liggja fyrir upplýsingar um allt árið 2004.

Starfshópur á vegum Menntamálaráðuneytis gerði haustið 2006 könnun um þátttöku grunnskólanema í framhaldsskólanámi meðal allra grunnskóla á landinu. Spurt var hversu margir nemendur í 8.–10. bekk stunduðu nám í framhaldsskólaáföngum á þeirri önn. Enn fremur var upplýsinga aflað um lengd náms hverju sinni, hvar kennslan færi fram og hverjir sæu um hana, hvernig lokamati væri háttað o.fl. Niðurstöður hafa ekki verið birtar en hópurinn fékk góðfúslega leyfi til að skoða niðurstöður fyrir grunnskólana í Reykjavík. Þar kemur fram að samtals 25 grunnskólar í Reykjavík bjóða upp á nám á framhaldsskólastigi. Í ellefu skólum gátu nemendur í 9. bekk stundað nám á framhaldsskólastigi, auk nemenda í 10. bekk. Framhaldsskólaáfangarnir virðast mismunandi að lengd og fara ýmist fram innan grunnskólanna eða framhaldsskóla. Það eru ýmist grunn- eða framhaldsskólakennarar sem sjá um kennslu í þessum áföngum. Einnig er nokkuð um að

nemendur taki þessa áfanga í fjarnámi og eru þá í flestum tilvikum kennarar eða námsráðgjafar grunnskólanna sem halda utan um námið.

Algengast er að grunnskólarnir greiði innritunargjöld fyrir nemendur í þessu námi en foreldrar kennslugögnin. Yfirleitt er ekki gerð krafa um að nemendur hafi lokið samræmdu prófi í þeirri námsgrein sem þeir stunda nám í á framhaldsskólastigi, sé um samræmd próf í greininni að ræða. Í flestum tilvikum virðist vera gerð krafa um lágmarkseinkunn í greininni til að fá að stunda nám í framhaldsskólaáfanga. Oftast er þá miðað við skólaeinkunn á bilinu 8,0 til 9,0.

Ýmis verkefni

Hópurinn kynnti sér ýmis verkefni sem unnið er að í Reykjavík og víðar sem ætla má að stuðli að auknum sveigjanleika í skilum leik- og grunnskóla annars vegar, og grunn- og framhaldsskóla hins vegar.

Skil leik- og grunnskóla

Haustið 2006 hófst tilraun með forskóladeild í Víkurskóla. Það er samstarfsverkefni leikskólans Hamra og Víkurskóla og fékk styrk úr þróunarsjóði Menntasviðs á síðasta ári. Elstu nemendur af Hömrum koma tvisvar í viku í Víkurskóla og vinna þemaverkefni með hliðsjón af söguaðferðinni, sem er skosk kennsluáðferð með áherslu á umræður og skapandi starf af ýmsu tagi.³ Nemendur í hvorum forskólahóp eru sautján. Leikskólakennarar og grunnskólakennari vinna saman með elstu börnunum. Vetrinum er skipt upp í sex til sjö þemu. Sett er upp aðstaða (leiksvið) í takt við hvert þema. Í þemaverkefninu verða nemendur þátttakendur í ákveðinni sögu. Í hlutverkaleik skapa þeir sögu, vinna með tölur, bókstafi, orð o.s.frv. Verkefnið var undirbúið og skipulagt sameiginlega af starfsmönnum leikskólans og grunnskólans. Einnig sóttu níu kennarar úr Víkurskóla og fimm leikskólakennarar af Hömrum námskeið/ ráðstefnu um söguaðferðina í Skotandi í lok októbermánaðar 2006.

Hópurinn kynnti sér einnig starfsemi Barnaskóla Hjallastefnunnar sem er einkarekinn skóli fyrir 5–8 ára börn í Garðabæ. Hugmyndafræði Hjallastefnunnar er lögð til grundvallar í námskrá Barnaskólans; kynjaskiptir nemendahópar, áhersla á opinn og skapandi efnivið og lausnir barnanna sjálfra í stað leikfanga og hefðbundinna námsbóka. Áhersla er lögð á jákvæðan aga og hegðunarkennslu. Loks má nefna að mikið af starfinu fer fram úti í náttúrunni í umhverfi Vífilsstaða. Allur ytri rammi svo sem skólabygging og stundaskrá tekur

³ Sjá um þessa aðferð á Kennsluáðferðavefnum: <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/kennsluadferdir/soguaðferdin.htm>

mið af þörfum nemenda og er eins einfaldur og ósýnilegur og kostur er⁴. Allur skólaramminn tekur mið af bæði leik- og grunnskólahefð enda eru bæði leik- og grunnskólakennarar starfandi við skólann. Námsgreinar eru nánast þær sömu og í grunnskólanum, en áherslurnar taka mið af að bæði leik- og grunnskólabörn eru í skólanum.

Í Varmárskóla í Mosfellsbæ hefur verið rekin leikskóladeild fyrir fimm ára börn frá haustinu 2004. Hún heyrir undir leikskólann Reykjakot og er stjórnað þaðan. Deildin er í sömu álmu og 1. og 2. bekkur grunnskólans og hefur aðgang að allri aðstöðu skólans, s.s. mötuneyti, tölvuveri, heimilisfræði-, myndmennta- og handmenntastofu, bókasafni, íþróttahúsi og útvistarsvæði. Mjög gott samstarf hefur verið á milli leikskólakennara í leikskóladeildinni og kennara 1. bekkjar Varmárskóla að mati starfsmanna. Fyrsta árið voru gagnkvæmar heimsóknir á dagskrá en á öðru ári bættist við sameiginleg þemavinna og sveitaferð. Nú á þriðja ári er sameiginleg söngstund, sameiginlegt val og þemaverkefni sem lýkur með vettvangsferð á vorönn.

Skil grunn- og framhaldsskóla

Í Lækjarskóla í Hafnarfirði er starfrækt s.k. fjölgreinánám fyrir nemendur í 9. og 10. bekk í grunnskólum bæjarins. Fjölgreinánámið er einkum hugsað fyrir þá nemendur sem vilja auka vægi verklegra greina, tengja skólanámið við þátttöku í atvinnulífi og nálgast bóknám með nýjum hætti. Hlutur verklegs náms er stórlega aukinn og dregið úr vægi bóklegs náms. Stefnt er að því að hafa námsaðferðir og námsefni sem fjölbreyttast og sveigjanlegast og sniðið að getu og áhuga einstakra nemenda. Nemendur vinna eftir einstaklingsáætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þá og foreldra þeirra. Þátttaka í atvinnulífi er skipulögð í samvinnu við Vinnuskóla Hafnarfjarðar og lögð áhersla á vettvangsferðir af ýmsum toga. Námsmat er sniðið að hverjum og einum eins og kostur er og tekið er tillit til fjölbreytileika námsins.

Við Lækjarskóla er einnig boðið upp á tveggja ára framhaldsbraut í samstarfi við Flensborgarskóla fyrir nemendur sem að öðrum kosti ættu ekki auðvelda leið í framhaldsskóla. Brautin er rekin í samstarfi menntamálaráðuneytis og Hafnarfjarðarbæjar. Fjölgreinabrautin er e.k. framhald af fjölgreinánámi Lækjarskóla. Með henni er lögð áhersla á samfellu í námi og að reynt að sporna við því að nemendur flosni upp frá námi. Sérstök áhersla er lögð á styrkingu sjálfsmyndar og félagsfærni⁵.

⁴ Sjá námskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar á slóðinni: <http://www.hjalli.is/barnaskolinn/>

⁵ Sjá nánar á slóðinni: <http://www1.hafnarfjordur.is/fjolgreinad/>

Haustið 2005 hófst kennsla á almennri bóknámsbraut í Menntaskólanum á Akureyri fyrir grunnskólanemendur þar og í nágrennabyggðum sem vilja flýta námi sínu um eitt ár. Þetta er tilraunaverkefni til fjögurra ára. Almenna bóknámsbrautin er ný leið fyrir framhaldsskóla með bekkjakerfi til að þeir grunnskólanemendur sem vilja geti flýtt námi sínu um eitt ár.

Sérstaklega er vandað til vals á nemendum á þessa almennu braut í samráði við þá sjálfa, forráðamenn þeirra og grunnskólana sem þeir koma frá. Á almennu bóknámsbrautinni ljúka nemendur sömu áföngum og kenndir eru á fyrsta ári í MA, auk þess að ljúka viðfangsefnum 10. bekkjar en þeim er fléttað saman við innihald hvers áfanga. Kennt er í einum litlum hópi, sem næst 15 nemendum. Inntökuskilyrði eru að meðaleinkunn í 9. bekk sé yfir átta ásamt umsögn frá grunnskóla þar sem lagt er mat á hvort hraðbraut henti nemandanum, m.a. með tilliti til náms- og félagslegrar stöðu. Námsráðgjafi M.A. hefur umsjón með þessu starfi og heldur utan um nemendahópinn⁶.

⁶ Sjá nánar á slóðinni: <http://www.ma.is/braut.asp?cat=braut&bskst=ABR1&tonn=V07>

4. Listi yfir ýmsa kosti til auka sveigjanleika í námstíma

Starfshópurinn ákvað að safna hugmyndum um ýmsar leiðir sem mætti fara til að stuðla að sveigjanlegum námstíma í grunnskóla og sveigjanlegri skilum á milli skólastiga. Annars vegar eru hugmyndir um sveigjanleg skil grunn- og framhaldsskóla og hins vegar sveigjanleg skil leik- og grunnskóla. Leitast var við að safna rökum með og á móti hverjum kosti.

Tilgangurinn er fyrst og fremst að auðvelda umræðu um þessi mál. Starfshópurinn tók ekki afstöðu til einstakra leiða á þessu stigi vinnunar.

Sveigjanleg skil grunn- og framhaldsskóla

	Möguleikar	Lýsing	Kostir	Annmarkar – álitamál	Til athugunar
1	Grunnskóli, 6–16 ára, einstaklings-miðað nám	Óbreytt heildarskipan. Að koma sem best til móts við nemendur með einstaklingsmiðuðu námi. Gert er ráð fyrir óbreyttri skipan hvað varðar lög og ytri ramma, en aukin áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám með þróun kennslu-hátta, viðfangsefna og námsmats.	<ul style="list-style-type: none"> Lítill röskun á núverandi heildarskipulagi. Gott samræmi við stefnumörkun borgarinnar. Nám verður sveigjanlegra en nú er. Nemendur fylgja jafnöldrum sínum (félagsleg þýðing). 	<ul style="list-style-type: none"> Því má halda fram að hægt miði að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir og þetta sé því óraunhæfur kostur fyrir dugmikla nemendur. Frammúrskarandi nemendur geta ekki lokið viðkomandi skólastigi fyrir en jafnaldrar sem krafa er um. Kemur ekki til móts við þá þróun sem er að verða, þ.e. að bráðger börn geti lokið skólastigi fyrir, sbr. einnig kröfur foreldra. 	
2	Grunnskóli 6–16 ára, nemendur eiga þess kost að taka framhaldsskólaáfangu í grunnskóla.	Þetta fyrirkomulag hefur verið að mótast í flestum grunnskólum á undanförunum árum og byggist yfirleitt á samkomulagi einstakra grunnskóla við ákveðna framhaldsskóla.	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fylgja jafnöldrum en njóta hæfileika sinna í ákveðinni námsgrein og geta jafnframt stýtt sér leið í gegnum framhaldsskólann eða tekið fleiri valnámskeið í framhaldsskóla þegar að því kemur. Hefur gengið vel að flestu leyti og nemendur og foreldrar hafa verið ánægðir með þetta fyrirkomulag. 	<ul style="list-style-type: none"> Ekki er samræmi í því hvort nemendur fá þessa áfanga metna inn í framhaldsskóla. 	Finna þarf form á þetta fyrirkomulag og setja um það stefnu og reglur um framkvæmd, t.d. um innritun, hver greiði kostnað, hvernig framhaldsskólinn meti þessar einingar og hvaða skilyrði nemendur þurfi að uppfylla til að taka slíka áfanga.
3	Nemendur hefja nám í framhaldsskóla eftir 9. bekk en ljúka námsefni 10. bekkjar samhliða 1. árs námsefni í framhaldsskóla.	Nemendum sem ná góðum árangri í grunnskóla er boðið að hefja nám í framhaldsskóla að loknum 9. bekk (ljúka námsefni 10. bekkjar samhliða námi á 1. ári í framhaldsskóla). Þessi leið er nú í boði við Menntaskólann á Akureyri	<ul style="list-style-type: none"> Komið er til móts við þá nemendur sem standa vel í bóklegu námi. Góð reynsla mun vera fengin af þessu í Menntaskólanum á Akureyri 	<ul style="list-style-type: none"> Gæti verið félagslega neikvætt: Nemendur þurfa að skiljast við jafnaldra sína. Vantar jákvæðar fyrirmyndir í grunnskólanum þar sem bestu nemendur fara úr honum ári fyrir. 	Gæti gerst samstarfi við tiltekna framhaldsskóla (sbr. það sem gert er á Akureyri). Kosturinn við þá úrfærslu er að þessir ungu nemendur halda sér sem hópur í framhaldsskólanum. Þessa leið mætti einnig þróa gagnvart nemendum sem standa sérstaklega vel í list- og verknámsgreinum.
4	Nemendur hefja nám í framhaldsskóla eftir 9. bekk.	Framhaldsskólar fá heimild til að bjóða nemendum sem skara fram úr námi í 9. bekk að hefja nám í framhaldsskóla eftir 9. bekk. Til greina kemur að samið sé við tiltekna framhaldsskóla að gefa kost á þessu.	<ul style="list-style-type: none"> Komið er til móts við þá nemendur sem standa vel í bóklegu námi. 	<ul style="list-style-type: none"> Gæti verið félagslega neikvætt: Nemendur þurfa að skilja við jafnaldra sína. Horfa verður til þess að áfengis- og fíkniefnaneysla er mun meiri í framhaldsskólum en grunnskólum. Grunnskólinn missir góðar fyrirmyndir 	Þarf lagabreytingu eða sérstaka undanþágu frá 10 ára grunnskóla. Huga þarf að því með hvaða hætti nemendur brautskrást úr grunnskóla
5	Tilteknir grunnskólar bjóði upp á 1. árs framhaldsskóla (sbr. Fjölgreina-braut Lækjar-skóla)	Nemendum sem ekki þykja tilbúnir til að mæta kröfum framhaldsskólans er gefinn kostur á að vera ári lengur í grunnskóla. Hér er einkum verið að líta til þess hóps sem nýtur sín ekki í bóklegu námi, en henta verklegar áherslur.	<ul style="list-style-type: none"> Gæti hentað tilteknum hópi nemenda sem er í áhættu með að falla frá námi eftir 10. bekk. 	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fylgja ekki jafnöldrum. Gæti verið vandi vegna verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. 	Huga þarf að því hvernig staðið er að því að kosta nám sem þetta.
6	Markvisst samstarf	Gert verði sérstakt samkomulag milli	<ul style="list-style-type: none"> Vel er komið til móts við 	<ul style="list-style-type: none"> Einungis um tilrauna-verkefni að ræða 	Óljóst með kostnaðarskiptingu ríkis og

	grunn- og framhaldsskóla	framhaldsskóla og grunnskóla, t.d. tilraunaverkefni í einu hverfi borgarinnar um aukinn sveigjanleika í skilum. Nemendur taki sumar greinar í grunnskóla og aðrar í framhaldsskóla eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni.	einstaklingsþarfir nemenda. • Sveigjanleg skil eftir getu og þörfum hvers og eins	sem nær ekki til allra nemenda.	sveitarfélaga.
7	Nýr skóli 14–18 ára	Skipulagt sem tilraunaverkefni t.d. í einu hverfi eða skóla. Fyrirmyndir víða erlendis. Bæði grunn- og framhaldsskóli á ábyrgð sveitarfélagsins en önnur form koma til greina.	• Komið til móts við nemendur sem vilja fara hraðar í námi • Boðið er upp á nýjan valkost.	• Er á skjön við íslenskar hefðir í skólasterfi.	Kallar á sérstaka samningagerð um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga
8	Grunnskólar bjóða nemendum upp á að taka 8. 9. og 10. bekk á tveimur árum	Grunnskólar bjóða upp á sérstaka námsleið þar sem gert er ráð fyrir að nemendur ljúki námsefni þriggja ára á tveimur árum.	Komið vel til móts við þá sem vilja og geta farið hraðar í nám.	Erfitt fyrir fámennari skóla að bjóða upp á þessa leið.	

Sveigjanleg skil leik- og grunnskóla

	Möguleikar	Lýsing	Kostir	Annamarkar – álitamál	Til athugunar
1	Leikskóli fram að sex ára aldri - starf sem eflir þroska hvers og eins (óbreytt skipan – aukin áhersla á einstaklingsmiðað nám)	Bæði leik- og grunnskólum ætlað að koma til móts við alla nemendur með einstaklingsmiððu námi skv. lögum. Sérstök námskrá er í gildi um starf elstu leikskólabarnanna. Gagnkvæmar heimsóknir barna og starfsfólks. Starfsmenn miðla upplýsingum um einstök börn með samþykki foreldra. Öll börn byrja grunnskóla á sama tíma.	<ul style="list-style-type: none"> Byggt á reynslunni sem er til staðar. Elstu börnin á leik-skólanum eru jákvæðar fyrirmyndir fyrir yngri börnin. Ógnar ekki jákvæðum hefðum leikskólans - að börn læri í gegnum leikinn. 	<ul style="list-style-type: none"> Uppi eru raddir um að betur þurfi að mæta þörfum elstu barnanna á leikskólum sem þurfa meira krefjandi verkefni og hafa væntingar um meira bóklegt nám. Grunnskólinn þarf að koma betur til móts við bæði duglega og seinfæra nemendur sem eru að byrja í skóla heldur en nú er gert. 	<ul style="list-style-type: none"> Lög og reglugerðir kveða á um samstarf á milli skóla-stiganna. Stydja þarf öflugt þróunarstarf sem styrkir tengsl leik- og grunnskóla.
2	Leikskóli fram að sex ára aldri - nokkrir grunnskólar bjóði upp á nám fyrir fimm ára börn.	Sama og í lið nr. 1 en foreldrar fimm ára barna sem þess óska geta sótt um skólavist fyrir börn sín í þeim grunnskólum sem bjóða upp á nám fyrir fimm ára börn eins og nú er gert í einkareknum skólum.	<ul style="list-style-type: none"> Komið til móts við óskir þeirra foreldra sem leggja áherslu á að börn þeirra fái fyrir grunnskólamiðuð verkefni. Haldið í hefðir leikskólans um að börn læri í gegnum leikinn. 	<ul style="list-style-type: none"> Bráðgerir nemendur sem hefja grunnskóla fimm ára safnast í ákveðna skóla (?) 	
3	Grunnskóla-deildir reknar innan vébanda leikskólans	Leikskólar reka grunn-skóladeildir innan sinna vébanda fyrir yngstu börnin. Leikskólar geti að fengnu samþykki menntaráðs fengið að reka grunnskóladeildir.	<ul style="list-style-type: none"> Möguleikar á að þróa sveigjanlegt skólastarf þar sem menning og hefðir leikskólans ráða ríkjum. Sóknarfæri fyrir leik-skólann. Góður kostur fyrir foreldra 	<ul style="list-style-type: none"> Ekki hefur verið áhugi á að þróa þetta form. Ólíkir kjarasamningar og vinnutímaskilgreiningar leik- og grunnskólakennara eru hamlandi. Skipulagslega flókið, kjarasamningar, hús-næðismál, lagaramminn hamlandi. 	Sbr. Barnaskóli Hjallastefnunnar.
4	Elstu börnin í leikskóla sækja ákveðna kennslu í grunnskóla.	Fimm ára börnin eru skráð í leikskólann. Þau hafa aðgang að ákveðinni aðstöðu í grunnskólanum, s.s. íþróttasal, tölvuveri og bókasafni. Leikskólakennarar hafa umsjón með þessum tímum. Leikskólabörnum býðst einnig að taka þátt í ákveðnum verkefnum innan grunnskólans, sbr. Víkurskólaverkefnið þar sem grunnskólakennarar skipuleggja starfið í samráði við leikskólakennarana. Leikskólabörn geta tekið þátt í ákveðnum verkefnum í grunnskólanum, s.s. lestrar- eða stærðfræðinámi, tónlist, myndmennt eða tölvunámi	<ul style="list-style-type: none"> Gefur sveigjanleika og möguleika á að mæta ýmsum þörfum einstaklinga og hópa án þess að núverandi kerfi sé raskað. Leikskólabörn fá að nýta aðstöðu grunnskólans og sérþekkingu grunnskólakennaranna. 	<ul style="list-style-type: none"> Kallar á að leik- og grunnskólar séu nálægt hver öðrum. Gæti reynst flókið í framkvæmd. 	

5	Leikskóladeild starfrækt innan veggja grunnskólans	Elstu börnin í leikskólanum hafi aðstöðu í húsnæði grunnskólans (sbr. Varmárskóli í Mos.). Þau eru til húsa í sérstökum kennslustofum en hafa aðgang að annarri aðstöðu, s.s. list- og verkgreinastofum, bókasafni, mötuneyti, útileiksvæði og íþróttasal. Leikskólakennarar hafa umsjón með starfinu en vinna með starfsfólki grunnskólans um útfærslu. Leikskólakennararnir eru hluti af starfsliði leikskólans og starfa undir stjórn leikskólastjóra.	<ul style="list-style-type: none"> • Samnýting á aðstöðu. • Mýkri skil milli skólastiga. • Kennarar á mismunandi skólastigum fylgjast með starfi hvors annars sem gæti auðveldað að brúa bilið milli skólastiganna 	<ul style="list-style-type: none"> • Krefst góðrar samvinnu stjórnenda og kennara. • Tveir stjórnendur í sama húsi. 	
6	Leikskóli og grunnskóli starfræktir í sama húsnæði.	Leikskóli og grunnskóli eru starfræktir í sama húsnæði en kennslurými/heimastofur eru aðskildar (hluti útileiksvæðis aðgreint líka). Starfsmenn leikskólans eru undir stjórn leikskólastjóra en starfsmenn grunnskólans undir stjórn grunnskólastjóra. Skólastjórnarnir vinna náið saman. Skólarnir nýta sameiginlega list- og verkgreinaaðstöðu, tölvuver, íþróttasal, bókasafn og mötuneyti o.fl.	<ul style="list-style-type: none"> • Samnýting á aðstöðu. • Hefðir og menning hvors skólastigs fá að halda sér. 	<ul style="list-style-type: none"> • Krefst góðrar samvinnu skólastjórnendanna og annarra starfsmanna. 	
7	Leikskóli og grunnskóli sameinaðir í einn skóla fyrir 1–12/16 ára börn.	Skólinn starfar undir stjórn eins skólastjóra sem getur komið úr leik- eða grunnskóla en síðan starfa deildarstjórar á hverju aldurstigi.	<ul style="list-style-type: none"> • Engin eiginleg skil milli skólastiga. • Miklir möguleikar á sveigjanleika á milli skólastiganna. • Gefur kost á flæði barna á milli skólastiga. • Starfsmenn geta verið á fleiri en einu skólastigi. • Skapar öryggi fyrir nemendur að vera lengi á sama stað. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kjarasamningar og mismunandi vinnutímaákvæði starfsstétta geta verið hamlandi. • Ekki nógu ögrandi eða mikil tilbreyting fyrir nemendur að vera lengi í sama skólanum. 	
8	Sveigjanleg skólabyrjun	Elstu leikskólaörnin byrja í grunnskóla á mismunandi tímum árs eða þegar þau eru talin tilbúin til þess að mati leikskólakennara og foreldra, t.d. á sex ára afmælisdaginn. Þau geta einnig verið lengur á leikskólanum ef það þjónar hagsmunum þeirra betur að mati foreldra og kennaranna. Inntaka gæti verið tvisvar til þrisvar á ári.	<ul style="list-style-type: none"> • Börn sem eru tilbúin til að hefja nám í grunnskóla fá að hefja grunnskólagönguna þegar þau eru talin tilbúin til þess. 	<ul style="list-style-type: none"> • Mikið umrót í starfinu þar sem börn eru að byrja eða hætta á mismunandi tímum. • Erfitt fyrir þau sem fara síðast úr leikskólanum í grunnskóla. 	
9	Fimm ára börnum verði gert kleift að hefja nám í grunnskólum	Almennir grunnskólar bjóði upp á fimm ára deild í grunnskólanum fyrir þau börn sem þess óska. Ekki er nauðsynlegt að það séu allir grunnskólar. Er núna gert í nokkrum sérskólum.	Mætir væntingum foreldra sem vilja að börnin byrja fyrir í grunnskóla	<ul style="list-style-type: none"> • Önnur hugmyndafræði í grunnskóla en leikskóla. Barnið lærir ekki lengur í gegn um leik, sem er besta leið þess í námi á þessum aldri. 	Samkvæmt könnun meðal foreldra í leikskóla kemur fram að aðeins 10% foreldra kjósa að börn byrji fyrir í leikskóla. Ósvarað hver sé ávinningur barnsins af því að byrja 5 ára í grunnskóla.

5. Samantekt, umræða og niðurstaða starfshóps

Starfshópurinn fjallaði ítarlega um þá kosti sem settir eru upp í kafla 4 hér á undan, kosti þeirra og annmarka. Ljóst er að margt er um þessar mundir verið að gera hvað varðar skil á milli allra skólastiga og mikilvægt er að hlúa að þeim vaxtarsprotum. Hópurinn er sammála um að stefna skuli að auknum sveigjanleika og að erfitt sé að fullyrða að ein leið sé þar öðrum betri. Í raun virðist fátt kalla á róttækar breytingar eins og nú er háttað, fremur þarf að skapa svigrúm fyrir ýmis konar tilraunastarfssemi og skipulegt þróunarstarf þar sem markvisst er aflað upplýsinga til að meta kosti og annmarka ólíkra leiða. Mikilvægt er að áhersla sé ávallt lögð á ávinning nemandans af breytingunum og að foreldrar verði vel upplýstir um þá möguleika sem í boði eru hverju sinni.

Megintillögur hópsins eru í fjórum liðum. Þær fjalla um skil leik- og grunnskóla, skil grunn- og framhaldsskóla, kostnað vegna framhaldsskólaáfanga grunnskólanemenda og að lokum er sett fram tillaga um að kannað verði hvort æskilegt sé að borgin taki að sér rekstur framhaldsskóla í tilraunaskyni. Tillögurnar sem settar eru fram um skil skólastiganna eru valdar úr yfirliti sem sett er fram yfir möguleika í kaflanum hér á undan. Þær eru dregnar fram sérstaklega hér, m.a. vegna þess að þær þykja vel framkvæmanlegar og líklegar til að um þær verði sátt.

Þegar þessar tillögur eru settar fram er ekki ljóst hvað verður lagt til í framvarpi að nýjum grunnskólalögum sem verður að öllum líkindum lagt fram á vorþingi. Þær tillögur sem hópurinn leggur fram miðast fyrst og fremst við aðstæður í Reykjavík og það valdsvið sem er á hendi borgarinnar núna. Þær tillögur sem fara út fyrir það valdsvið gera ráð fyrir að farið sé í viðræður við aðra aðila. Hópurinn gengur jafnframt út frá því, að sú þróun að nemendur í grunnskóla taki framhaldsskólaáfanga, muni halda áfram. Varðandi skil leikskóla og grunnskóla er vísað til greinargerðar starfshóps á vegum menntaráðs Reykjavíkurborgar (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2006) um samstarf leik- og grunnskóla, sem skilaði tillögum sínum í maí 2006. Tekið er undir þær tillögur sem hópurinn setur fram og þær ekki endurteknar hér.

Hópurinn leggur til að eftirfarandi kostir verði skoðaðir sérstaklega. Ætíð verði haft gott samstarf og samráð við foreldra þegar metið er hvort nemandi eigi að fylgja jafnöldrum sínum í námi eða ekki.

Skil leik- og grunnskóla

- Skoðað verði að einn eða fleiri leikskólar reki fimm ára deild í húsnæði grunnskóla þar sem rými er fyrir hendi (sbr. leið 5). Deildin verði rekin undir stjórn og á forsendum leikskólans. Þannig yrði meiri samgangur milli starfsfólks sem myndi kynnast starfsháttum og vinnubrögðum hvers annars. Skil fyrir nemendur yrðu heldur ekki jafn skörp.
- Gerð verði tilraun með að starfrækja saman hóp fimm og sex ára barna annað hvort innan veggja leikskóla eða grunnskóla. Leikskólakennari og grunnskólakennari annist kennsluna saman.
- Foreldrum fimm ára barna verði gert auðveldara skrá börnin í 1. bekk grunnskóla en nú er.

Skil grunnskóla – framhaldsskóla

- Allir grunnskólar haldi áfram að þróa áfram einstaklingsmiðað nám í öllum árgöngum (sbr. lið 1). Einkum verði hugað að því að dugmiklir nemendur eigi kost á að dýpka þekkingu og skilning á einstökum viðfangsefnum í samræmi við hæfileika sína. Netnám verði nýtt til að auka námsframboð.
- Hópurinn telur mikilvægt að nemendur í elstu bekkjum grunnskóla fái áfram tækifæri til að sækja framhaldsskólaáfanga, og að settar verði ákveðnar reglur um kostnað. Núverandi fyrirkomulag fái að þróast með mismunandi hætti í samstarfi viðkomandi grunnskóla og framhaldsskóla eftir aðstæðum á hverjum stað. Jafnframt verði framhaldsskólar hvattir til að leita leiða til að meta áfangana til styttingar á námi í framhaldsskóla.
- Grunnskólar verði hvattir til að leita leiða til að sem flestir nemendur sem það geta, eigi þess kost að ljúka námi í 9. og 10. bekk á einu skólaári.
- Einn eða fleiri af grunnskólum borgarinnar verði hvattir til að bjóða upp á námsleið sem býr nemendur undir að fara í framhaldsskóla eftir 9. bekk. Þessi nemendur fari inn í sérstakar námsleiðir í framhaldsskóla þar sem hópnum er haldið saman (sbr leið 3 og eið

4). Starfshópurinn er sammála um að nemendur ættu ekki að fara yfir í framhaldsskóla að loknum 9. bekk nema útskrifast úr grunnskóla með formlegum hætti. Hópurinn telur þó ekki að nauðsynleg forsenda sé að nemandinn hafi tekið samræmd próf heldur geti skólastjóri og kennarar viðkomandi skóla metið hæfni nemandans til að útskrifast. Hópurinn var sammála um að mikilvægt sé að kveða á um það í nýjum grunnskólalögum hvernig staðið verði að útskrift nemenda sem hefja nám í framhaldsskóla að loknum 9. bekk.

Kostnaður vegna náms grunnskólanemenda í framhaldsskóla.

- Hópurinn telur að ekki skuli víkja frá þeirri reglu að grunnskólanám nemenda sé foreldrum að kostnaðarlausu. Því telur hópurinn eðlilegt að rekstraraðilar grunnskóla greiði innritunargjald vegna framhaldsskólaáfanga sem grunnskólanemendur taka, enda komi slíkir áfangar í stað kennslu í grunnskóla, hvort sem um valgrein eða nám í kjarnagrein er að ræða. Ekki skiptir máli hér að mati hópsins hvort um er að ræða fjarnám eða staðnám. Námsgögn ættu jafnframt að vera nemendum að kostnaðarlausu og leggur hópurinn til að hafnar verði viðræður við Námsgagnastofnun (eða Menntamálaráðuneytið) um að námsgögnin verði skilgreind sem hluti af námsgögnum grunnskóla. Nauðsynlegt er að gæta hér samræmis milli sveitarfélaga og ræða þessa skoðun starfshópsins við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tilraunaverkefni – borgin reki framhaldsskóla

- Lagt er til að starfshópur verði skipaður til að fara í viðræður við menntamálaráðuneytið um að borgin taki að sér að reka einn framhaldsskóla sem starfi í nánnum tengslum við einn eða fleiri grunnskóla. Leitast verði við að horfa á aldurstigið 14/15 ára –18 ára sem eina heild og þróa mismunandi námsleiðir (sbr. leið 7).

Heimildir

Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2005). *Vímuefnaneysla meðal ungmenna í framhaldsskólum. Rannsókn meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2004*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Kristín Jónsdóttir (2003) *Kennsluhættir á unglíngastigi, námsaðgreining og einstaklingsmiðað nám. Rannsókn á viðhorfum kennara við unglíngadeildir grunnskóla í Reykjavík*. [Óbirt M.Ed. ritgerð]. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

Lynch, S. (2006). *Should gifted students be grade-advanced*. Wikipedia. Sótt 13. desember 2006 af slóðinni http://www.kidsource.com/kidsource/content/Should_Gifted_Students.html)

Menntasvið Reykjavíkurborgar (2006). *Greinargerð starfshóps um samstarf leik- og grunnskóla*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Barnaskóli Hjallastefnunnar (2007). *Námskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar* Sótt 31. janúar 2007 af slóðinni <http://www.hjalli.is/barnaskolinn/>

Olszewski-Kubilius P. (2006) *Acceleration for Gifted Children: An Interview with W. Thomas Southern*. Sótt 21. september 2006 af slóðinni <http://www.ctd.northwestern.edu/resources/acceleration.html>).

Wikipedia (2006). *Social Promotion* .Sótt 13. desember 2006 af slóðinni (http://en.wikipedia.org/wiki/Social_promotion)

Viðauki

Erindisbréf fyrir starfshópinn